

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Háskólinn í Reykjavík.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 9. febrúar 2017, breytingu á deiliskipulagi Háskólans í Reykjavík. Í breytingunni felst stækkun á deiliskipulagssvæðinu þar sem gert er ráð fyrir fjölgun háskólaíbúða á svæði Háskólans í Reykjavík og hækkun húsa að hluta. Á tveimur lóðum í krika Flugvallarveggar og Nauthólsveggar er gert ráð fyrir annars vegar lóð fyrir skólahúsnæði og hins vegar lóð fyrir íbúðarbyggð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hlyngerði 7.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 17. mars 2017, breytingu á deiliskipulagi Espigerðis, reitir 1.806 og 1.807, vegna lóðarinnar nr. 7 við Hlyngerði. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit fyrir útigeymslu milli stoðveggs á lóð og húss. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 23. mars 2017.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 27. mars 2017